Vegna fyrirhugaðrar innleiðingar nýs námsmatskvarða í grunnskólum

Menntaráð Kópavogsbæjar skorar á mennta- og barnamálaráðherra að fresta innleiðingu nýs námsmatskvarða þannig að hann verði ekki lagður til grundvallar lokamati nemenda í 10. bekk vorið 2027.

Í ljósi umsagna í samráðsgátt stjórnvalda og þeirra áhyggja sem skólastjórnendur, kennarar, nemendur og foreldrar barna í grunnskólum Kópavogs hafa lýst yfir ber okkur skylda til vekja athygli á þeim annmörkum sem eru á innleiðingarferli nýs námsmatskvarða.

Menntaráð tekur undir markmið breytinganna um að samræma námsmat milli grunnskóla og stuðla að auknu jafnræði nemenda. Ráðið hefur þó áhyggjur af því hvernig staðið er að innleiðingunni, enda liggur endanleg útfærsla námsmatskvarðans ekki fyrir þrátt fyrir að stutt sé í fyrirhugaða gildistöku hans. Verður að telja það varhugavert að ráðast í svo viðamiklar breytingar þegar enn ríkir jafn mikil óvissa um útfærsluna og raun ber vitni í umsögnum í samráðsgátt.

Breytingar á námsmati nemenda við lok grunnskólagöngu þurfa að vera vel undirbúnar þar sem viðeigandi gögn liggja fyrir áður en innleiðing hefst. Skólastjórnendur og kennarar þurfa að hafa nægan tíma til að kynna sér nýtt fyrirkomulag og undirbúa framkvæmd þess. Nemendur og foreldrar þurfa jafnframt að vita með góðum fyrirvara á hvaða forsendum lokamat nemenda byggist.

Breytingar sem slíkar eiga fyrst og fremst að snúa að hagsmunum nemenda. Nemendur þurfa að vita með góðum fyrirvara hvernig námsárangur þeirra verður metinn og geta treyst því að sömu forsendur gildi í öllum grunnskólum, frá upphafi skólaárs. Þetta skiptir nemendur miklu máli við lok grunnskólagöngu, þegar námsmat getur haft áhrif á möguleika nemenda til inngöngu í framhaldsskóla. Óvissa um framkvæmdina má ekki verða til þess að nemendur sitji ekki við sama borð.

Menntaráð Kópavogsbæjar telur því rétt að fresta innleiðingunni og tryggja að viðeigandi tími gefist til að ljúka útfærslu námsmatskvarðans og að skólarnir séu undirbúnir fyrir breytingarnar með faglegum hætti. Mikilvægt er að vandað sé til verka og að óvissa um nýtt námsmat komi ekki niður á þeim nemendum sem ljúka grunnskólagöngu vorið 2027.

Virðingarfyllst,

Skjal sótt af '0000000000' dags: 04.11.2026